



25. janúar 2021

Samgöngu – og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Umsögn SSA um Grænbók um byggðamál, mál nr. S-274/2020

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur yfirfarið Grænbók um byggðamál – umræðuskjal fyrir opið samráð, útgefið af Stjórnarráði Íslands, nánar tiltekið samgöngu – og sveitarstjórnarráðuneytinu, í desember 2020.

Í upphafi vill SSA fagna þeirri miklu vinnu sem unnin hefur verið við gerð Grænbókar og þær tölulegu upplýsingar sem þar koma fram. Í þessari umsögn er tæpt á nokkrum þáttum er snúa að Grænbókinni en hafa ber í huga að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða. Samráð í þessum efnum er mikilvægt og ferlið innifalið bæði kynningar sem og núverandi samráð í gegnum samráðsgátt. SSA vill benda á mikilvægi þess að auka aðkomu atvinnulífsins að umræðu um byggðapróun. Til að svo megi verða þarf að virkja það samráð í ferlinu með skýrari hætti.

Í heildina litið er Grænbókin gagnleg og þær vangaveltur sem þar koma fram réttmætar og nokkuð ítarlegar. SSA tekur heilshugar undir nauðsyn þess að mikilvægt sé að samhæfa byggðaáætlun öðrum áætlunum sem í gangi eru hverju sinni á vettvangi ríkisins sem snúa bæði að þjónustu og innviðum. Þá er mikilvægt að skýr tengsl séu á milli byggðaáætlunar og sóknaráætlana landshlutanna sem farveg og verkfæri til að ná fram ákveðnum markmiðum sem sett eru fram í byggðaáætlun. SSA hefur lengi talað fyrir því að fleiri ráðuneyti komi að fjármögnun verkefna vítt og breitt um landið og nýti sóknaráætlana farveginn sem verkfæri í þeim efnum. Það að búa til hina ýmsu potta hér og þar innan byggðaáætlunar er líklegt til að auka vinnu við umsýslu og skýrslugjöf í tengslum við verkefni og getur haft þau áhrif að krafturinn nýtist ekki eins vel í aðgerðirnar.

SSA tekur undir mikilvægi þess að horfa á byggðamálin einnig út frá kynja – og jafnréttissjónarmiðum. Hægt er að taka ýmsar hliðar þess mál t.d. aðkomu fólks af landsbyggðunum að stjórnnum, ráðum og nefndum á vettvangi ríkisstofnana svo dæmi sé nefnt. Einnig má horfa til þess að áherslur í byggðapróun þegar kemur að innviðum, samfélögum og atvinnu þurfi að höfða til allra kynja og því ljóst að byggða-, kynja- og jafnréttissjónarmiðin eru samofin.

Í 5. kafla Grænbókar er ítarlegt stöðumat þar sem staða landshluta er borin saman. SSA vill ítreka mikilvægi þess að Austurland sé skilgreint eftir starfssvæði sambandsins

þ.e. að Sveitarfélagið Hornafjörður tilheyrir Suðurlandi. Hefur þessi grunnskilgreining á landshlutanum á vettvangi Hagstofunnar skapað veruleg vandræði við greiningu tölfraeðiupplýsinga um landshlutana og mikilvægt að rýna og endurskilgreina hagskýrslusvæðin m.t.t. þeirra upplýsinga sem þörf er á m.a. í nærumhverfinu.

Samanburður landshluta getur gefið bjagaða mynd af raunverulegri stöðu bæði innan fjórðungs og innan sveitarfélaga. Á Austurlandi eru nú fjögur sveitarfélög og þar af tvö fjölkjarnasveitarfélög stærst, Fjarðabyggð og Múlaþing. Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað (nú hluti af Múlaþingi) eru tekin sem dæmi í stöðumatinu. Þó þróunin í báðum sveitarfélögum hafi verið jákvæð á heildina litið eru svæði innan þeirra sem eiga erfiðara uppdráttar. Sem dæmi má nefna að hinn gamli Breiðdalshreppur tilheyrir Fjarðabyggð og Borgarfjörður eystri tilheyrir nú Múlaþingi en bæði þessi byggðalög hafa tekið/taka þátt í verkefni Byggðastofnunar, *Brothættar byggðir*. Ef til vill gæfi mælikvarði sem sýndi fjölda byggðalaga í fjórðungi með neikvæðari/verri þróun en önnur byggðalög skýrari mynd af vanda innan fjórðungs/sveitarfélags.

Framsetning á þróun fjárheimilda til byggðamála er sett myndrænt fram í kafla 5.4 í Grænbókinni þar sem allar tölur eru á verðlagi hvers árs. Benda má á að réttari mynd fengist með því að birta fjárheimildirnar á verðlagi ársins 2020/2021 og/eða jafnvel sem prósentu af fjárlögum hvers árs fyrir sig. Með því móti mætti betur sjá þróun fjárheimilda til málaflokksins sem hlutfalls af heildarfjárlögum.

Eitt af markmiðum byggðaáætlunar er að jafna tækifæri til atvinnu og í því ljósi má líta svo á að markmiðið sé að jafna stöðuna sem mest milli landshluta. SSA setur fram spurningar um hvort árangursmælikvarðinn „Meðalatvinnutekjur eftir landshlutum“ eins og hann er settur fram myndrænt á bls. 30 (sem nokkuð erfitt er að glöggva sig á) sé best til þess fallinn að mæla árangur þessa markmiðs. Á Austurlandi eru hlutfallslega margir sem vinna störf í vaktavinnu og einnig töluverður fjöldi sem t.d. starfar á sjó. Leiða má að því líkum að Austurland mælist hátt í þessum samanburði m.a. þar sem íbúar fjórðungsins vinna mikið. Hafa verður í huga að flatur mælikvarði án frekari greininga getur gefið ranga mynd af raunverulegri stöðu. Til umhugsunar er því hvort markmiðið sé að fólk vinni meira á lægra launuðum svæðum til að ná fram jöfnuði milli landshlutanna? Mögulega væri réttara að setja fram mælikvarða sem sýndi meðaldagvinnulaun, meðaltímakaup og/eða meðalatvinnutekjur leiðréttar á einhvern hátt fyrir þeim vinnutíma sem liggur að baki.

Að lokum vill SSA hvetja til þess að við næstu uppfærslu aðgerðaáætlunar byggðaáætlunar sé skilgreint hvaða árangri sé stefnt að í hverri aðgerð svo leggja megi mat á niðurstöðuna áður en aðgerðinni er lokað. Í því samhengi má benda á aðgerð B.10 um jöfnun á aðstöðumun á millilandaflugvöllum þar sem verkefnismarkmiðið er að jafna aðstöðumun til þjónustu á millilandaflugvöllum landsins en aðgerðinni er sagt lokið eftir að tillögum hefur verið skilað til ráðuneytis en ekki eftir að jöfnuði er náð líkt og verkefnismarkmiðið gefur til kynna. Einnig má benda á aðgerð B.06 um frádrátt vegna aksturs til og frá vinnu sem merkt var lokið eftir að stýrihópur komst að því að aðgerðin væri ekki nægilega skýrt sett fram.



SSA þakkar fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í vinnu Grænbókarinnar og hefur væntingar til ferlisins framundan við frekari þróun á þessum málaflokki, skipulagi hans sem og þróun þeirra verkfæra sem eiga að styðja við jákvæða byggðapróun um allt land.

Að lokum vill SSA taka undir þau atriði sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsetta 25. janúar 2021. Jafnframt áskilur SSA sér jafnframt rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum þessa máls.

Fh. SSA

A handwritten signature in blue ink, reading 'Jóna Árný Þórðardóttir', is positioned above a horizontal line.

Jóna Árný Þórðardóttir
Framkvæmdastjóri